

Afgreiðslufundur

Árið 2025, miðvikudaginn 5. nóvember kl. 10:00 var haldinn 1870. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Jón Ragnar Gunnarsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram umsókn Kerfélagsins ehf., kt. 570101-2180, dags. 15. október 2025, um starfsleyfi fyrir matsöluvagni (NAJ38) með samlokum, sætmeti, súpu, heitum drykkjum og límonaði (Kerfélagið). Færanleg matvælastarfsemi. Matvæli koma tilbúin til samsetningar og hitunar í vagninn. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi með *Almennum skilyrðum fyrir rekstri matsöluvagna í Reykjavík samþykkt af Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur*.
2. Lögð fram umsókn Betra Box ehf., kt. 580918-0260, dags. 3. september 2025, um starfsleyfi fyrir innflutningi á forpökkuðum matvælum og vefverslun með forpökkuð matvæli (Betra Box). Geymsla og dreifing er hjá vöruhúsi með starfsleyfi samkvæmt samningi þar um. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
3. Lögð fram umsókn Alva Hotels ehf., kt. 680323-1430, dags. 26. september 2025, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir gististað; gistiheimili (Candlewood Suites by Alva) að Rauðarárstíg 27, F2011217 (rými 010101) - F2011219 (rými 010201) - F2011220 (rými 010202) - F2011222 (rými 010301), F2303253 (rými 010302) og F2011223 (rými 010401). Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði*.
4. Lögð fram umsókn Landsnets hf., kt. 580804-2410, dags. 24. september 2025, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir spennistöð að Hólmsheiðarvegi 151, landnúmer 113452, F2057580, rými 01 0101, 02 0101, 03 0101, 05 0101, 06 0101, 08 0101. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir stórar spennistöðvar*.
5. Lögð fram umsókn Litrófs ehf., kt. 440269-6059, dags. 25. september 2025, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir prentsmiðju að Vatnagörðum 14, F2015934, rými 01 0101. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Almennum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi*.
6. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, dags. 19. september 2025, um tímabundið starfsleyfi fyrir viðhaldi á tveimur brúm yfir Helluvatn við Elliðavatn.
Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi frá 10. nóvember til 1. mars 2026 með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi*

starfsemi og Sértekum starfsleyfisskilyrðum fyrir Reykjavíkurborg - eignasjóðs vegna viðhalds á tveimur brúm yfir Helluvatn við Elliðavatn. Starfsleyfi gefið út í samræmi við ákvæði Samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 555/2015.

Fundi slitið kl. 10:45

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson